

Nr. 18-169 S 115 Sindri VE 60***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 1274
Útgerð: Vinnslustöðin hf.
Smíðaður: Japan, 1972, stál
Stærð: 582,96 brl. 849,03 bt.
Mesta lengd: 57,89 m *Skráð lengd:* 53,68 m
Breidd: 9,50 m *Dýpt:* 6,50 m
Vél: Niigata, 1691 kw, 1988
Fjöldi skipverja: 15



Sindri © Óskar Friðriksson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. október 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 11. mars 2018 var Sindri VE 60 á togveiðum á Flákanum. Veður: NA 15-17 m/sek.

Skipverjar voru að skola trollið í sjó í lok veiðiferðar þegar grandarakeðja slóst til og lenti á hægra hné eins þeirra.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn stóð inn í rennuni þegar hann fékk keðjuna í hnéð;
- að skipverjinn var frá vinnu í tvær vikur.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.